

FUNDUR SAMRÁÐSHÓPS SSH UM VELFERÐARMÁL

Staður: Skrifstofa SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Stund: Fimmtudagur 16. nóvember 2017 kl. 8:30 – 10:00.

Viðstaddir: Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir Garðabæ, Rannveig Einarsdóttir Hafnarfirði, Snorri Aðalsteinsson Seltjarnarnesi, Ásgeir Sigurgestsson og Unnur V. Ingólfssdóttir Mosfellsbæ, Sigurbjörg Fjölinsdóttir Reykjavík og Erlendur Pálsson frá Strætó. Jóhanna Magnúsdóttir lögfræðingur Strætó kom inn undir lið nr. 3. SF ritaði fundargerð.

1. Bókun stjórnarfundar SSH frá 13. nóv. varðandi undirbúning að árangursmati og endurskoðun á samningi sveitarfélaganna um sameiginlega akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Stofnaður verður hópur með fulltrúa frá Reykjavík, Hafnarfirði og Strætó bs. sem mun m.a. fara yfir viðhorf sveitarfélaga til áframhaldandi samstarfs um ferðaþjónustu og um viðhorf til framkvæmdaaðila. Sveitarfélögin geta þá tekið ákvörðun um viðhorf til áframhaldandi samstarfs eftir vinnu þess hóps.

2. Breytingar á aksturstíma ferðaþjónustunnar

- a. Núverandi fyrirkomulag er að akstur ferðaþjónustu er til kl. 15 á aðfanga- og gamlársdag, en í þjónustulýsingu stendur að akstur á helgidögum skuli vera eins og á sunnudögum sem og að akstur eigi að fylgja almennum akstri Strætó. Lagt er til að akstur þessa tvo daga verði til kl. 17.00. Samkvæmt grófu kostnaðarmati Strætó gæti hækkun kostnaðar vegna þessa verið um 2 mkr. á ári sem dreifist á sveitarfélögin. Fulltrúar allra sveitarfélaganna samþykkja. ÁS og SF munu vinna breytingar á þjónustulýsingu til samræmis við þetta sem verður lögð fyrir á næsta fundi hópsins.
- b. Um áramótin mun almennur akstur Strætó verða til kl. 01.00. Áætlaður árlegur heildarkostnaður er um 12 m.kr. sem skiptist milli sveitarfélaganna. Reykjavíkurborg styður að ferðaþjónustan muni verða í boði á sama tíma. Önnur sveitarfélög hafa ekki tekið afstöðu til þessa, en munu taka afstöðu á næsta fundi hópsins.
- c. Í janúar mun hefjast tilraunaverkefni hjá Strætó þar sem boðið verður upp á lengdan næturakstur um helgar. Reykjavíkurborg styður ekki að ferðaþjónustan taki þátt í því, enda um tilraunaverkefni til skamms tíma að ræða. Önnur sveitarfélög hafa ekki tekið afstöðu til þessa, en munu taka afstöðu á næsta fundi hópsins.

Næsti fundur hópsins verður 29. nóvember. Hópurinn mun móta tillögu sem fer fyrir fund stjórnar SSH þann 4. desember.

3. Fyrirspurn Persónuverndar

Ljóst þarf að vera á umsókn um ferðaþjónustu í hvaða tilgangi verið sé að óska eftir persónuupplýsingum og hvert þær muni fara. Sveitarfélögin munu senda á EP þau umsóknareyðublöð sem eru nú í notkun. SF sendir á hópinn þann texta sem Reykjavíkurborg er að setja í þær rafrænu umsóknir sem verið er að útbúa. JM mun senda póst í dag þar sem hún mun óska eftir ákveðnum upplýsingum frá sveitarfélögunum.

Fundi slitið kl. 9.50